

Nr. 002 / 11 Hafdís SU 220**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2400
Smíðaður: Hafnarfjörður / Pólland 1999
Stærð: 29,9 brl. 68,2 bt.
Mesta lengd: 15,65 m Skráð lengd: 14,4 m
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,26 m
Vél: Caterpillar 336 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 4



Hafdís©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2011 var Hafdís SU 220 á siglingu um 5,5 sml. NV af Garðskaga. Veður: A 15-20 m/s.

Línan slitnaði á drættinum og verið var að sigla í næsta ból þegar skrúfan hætti að snúast, ferð datt niður og eldviðvörðunarkerfið fór í gang. Þegar vélstjóri kom í vélarúm var mikill reykur frá sviðnuðu gúmmú en enginn eldur. Ræsti hann þá vélarúmsblásara til að reykræsta. Þegar hann gat athafnað sig til viðgerða kom í ljós að sveigjutengi á milli vélar og gírs hafði rofnað.

Skipstjóri óskaði þá eftir aðstoð og fljótlega kom björgunarskipið Jón Oddgeir frá Njarðvík og dró bátinn til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að um morguninn hafði eitthvað komið í skrúfuna svo nokkuð dró niður í vélinni en skrúfan losaði sig við það fljótlega aftur enda „skurðarhnífar“ aftast á stefnirörinu að sögn vélstjóra. Hafði hann eftir kafara sem kafaði í skrúfuna, eftir að í höfn var komið, að ekkert hafi fundist í henni en kafarinn taldi sig hafa séð merki þess að eitthvað hafði komið í hana nýlega;
- að „Twindisc“ gír er aftan á vélinni og að sögn vélstjóra er tengið af gerðinni „Vulkan“ og er inn í kúplingshúsinu þar sem það er ekki aðgengilegt til eftirlits. Hann taldi að það hafi ekki verið átt við það frá upphafi.

Nefndarálit:

Ekki er ljóst hvað orsakaði skemmdirnar en benda má á aldur tengisins og skyndilegs álags sem það varð fyrir þegar kom í skrúfuna fyrr um daginn.